

1836—27. júlí 1887). Skáld. Foreldrar: Finn bogi Jónsson að Steinhóli í Fljótum og kona hans Margrét Hafliðadóttir. Var fyrst í vinnunennsku hjá foreldrum sínum. Bjó skamma stund að Steinhóli. Síðar í húsmennsku í Borgargerði, að Hamri og viðar í Fljótum. Í Lbs. eru eftir hann hann rímur af: Ajax keisarasyni, Atla Ótryggssyni, Fóstbraeðrum, Hrafni Hrútfirðingi, Hreiðari heimska, Sálsusi og Nikanor, Útilegumönnum, Valdimar kóngssyni, Vilmundi viðutan. Kona: Guðrún Steingrímsdóttir. Börn þeirra: Steingrímur, Björn, Finn bogi, Margrét, Vagn, María (Ýmsar heimildir).

Hafliði Guðmundsson (2. dec. 1852—12. apríl 1917). Hreppstjóri. Foreldrar: Guðmundur Guðmundsson pá í Rv. (áður á Brunnastöðum) og kona hans Ragnheiður Þorsteinsdóttir stúdents í Laxárnesi, Guðmundssonar. Fluttist til Siglufjarðar 1877 og átti þar heima síðan. Stundaði smíðar alls konar og niðursuðu matvæla, sem hann hafði numið á Hvítárvöllum. Var þar hreppstjóri í 23 ár (frá 1880), oddviti í 23 ár og gegndi öðrum trúnaðarstörfum. Atorkumaður mikil og svo vinsæll, að allir vildu hlíta forsjá hans, skemmtinn maður og góðviljaður. Kona (9. apríl 1880): Sigurður Pálsdóttir í Pálsbæ á Seljavarnesi, Magnússonar. Börn þeirra, sem upp komust: Helgi kaupm. á Siglufirði, Kristín átti

Halldór kaupm. Jónasson sst., Guðmundur kaupm. sst., Andrés verzlm. sst., Ólöf átti Sófus verzlunarstjóra Blöndal sst. (Óðinn XIII).

Hafliði Magnússon (— — 1392). Prestur á Breiðabólstað í Fljótshlíð, líkl. frá 1332 eða fyrr. Faðir (líkl.): Karlamagnús Magnússon agnars á Hlíðarenda, Andréssonar (beint til Oddaverja). Synir hans: Ormur í Fíflholti, Justínus í Haga í Holtum (SD.). Átti deilur við Holtspresta um fjörumörk (Dipl. Isl.; Sturl.; Isl. Ann.).

Hafliði Markússon (um 1809 —4. mars 1890). Bóndi. Foreldrar: Síra Markús Sigurðsson að Mosfelli í Mosfellssveit og s. k. hans Elín Jónsdóttir. Talinn hafa orðið stúdent (úr heimaskóla) 1833, og er lengi nefndur stúdent í sóknamanntöllum, en ekki er til stúdentsskíteini hans í venjulegum bess háttar söfnum. Bjó hokurbúskap í Hlaðgerðarkoti og síðar parti úr Helgafelli í Mosfellssveit, fluttist síðan í Árnesþing, bjó fyrst í Torfstaðakoti í Byskupstungum, en síðast í Jaðarkoti í Villingaholtshreppi til æviloka. Kona (1840): Sigurlaug Sigurðardóttir stúdents í Varmahlíð, Jónssonar. Börn þeirra nokkur dreifðust um þær slóðir (Kirkjuþækur; Lbs. 394, 4to.).

Hafliði Másson (— — 1130). Goðorðsmaður á Breiðabólstað í Vesturhópi. Faðir: Már Húnröðarson, Ævarssonar, Véfröðarsonar, Ævarssonar gamla,

landnámsmanns. Kona 1: Þurfiður Þórðardóttir, Sturlusonar, Þjóðrekssonar, „og áttu þau mörg börn“; sonur þeirra: Þórður (Landn.). Kona 2: Rannveig Teitsdóttir, Ísleifssonar byskups, Gizurasonar. Börn þeirra: Sigríður átti Þórð Þorvaldsson í Vatnsfirði, Valgerður átti Ingimund prest Illugason (Landn.), Jórunn átti Brand Þorkelsson, Gellissonar, og má vera Ásbjörn, faðir Hjálms, föður Þorsteins á Breiðabólstað (SD.). Talinn höfðingi hinn mesti. Um hann og deilur þeirra Þorgils Oddasonar er saga í Sturl. (sjá og Landn.).

Hafliði Steinsson (um 1252—1319). Prestur. Faðir: Steinn Arason að Ásgeirsá (í beinan legg til Æverlinga). Lærði hjá Vermundi ábóta á Þingeyrum. Vígðist 1280. Var lengi ráðsmáður að Hólum og kirkjuprestur. Var um hríð í Noregi og prestur í hirð Eiríks konungs Magnússonar. Er orðinn prestur á Breiðabólstað í Vesturhópi fyrir 1309 og hélt til æviloka. Sonur hans með Rannveigu (d. 1348) Gestsdóttur: Síra Einar officialis á Breiðabólstað, Steinn að Ásgeirsá (SD.) (Sturl.; Dipl. Isl.; Isl. Ann.; Bps. bmf. I.).

Hafliði Þorvaldsson (— — 1201). Ábóti í Hítardal (Dipl. Isl.; Isl. Ann.).

Hafstein (sjá og Havsteen, Havstein), sjá Gunnar, Hannes, Marínó.

Hafsteinn Pétursson (4. nóv.

1858—31. okt. 1929). Guðfræðingur. Foreldrar: Pétur Frímann Jónsson á Grund í Svíndal og kona hans Ingibjörg Hafsteinsdóttir á Ytri Langamýri, Guðmundssonar. Tekinn í Reykjavíkurskóla 1876, útskriftaðist 1882, með 1. einkunn (93 st.), fór síðan til háskólans í Kh., tók þar próf í heimspeki (1883) og hebresku (1884) og lagði stund á guðfræði fram á árið 1885, gekk þá í prestaskólan, próf þaðan 27. ág. 1886, með 1. einkunn (51 st.). Framhaldsnám í Kh. 1886—9. Fór til Vesturheims 1889, vígðist þar 9. febr. 1890 af síra Jóni Bjarnasyni og var fyrst prestur í Argyle, en síðan í Tjaldbúðarsöfnuði í Wp. Fekk Goðdali 1899, en hafnaði því prestakalli. Fluttist til Kh. 1899, hafði þar á hendi skrifstofustörf, og var þar til æviloka. Ritstörf: N. F. S. Grundtvig, Rv. 1886; Tjaldbúðin, Wp. 1898—9, Kh. 1900—5, með Viðbæti, Kh. 1914; Magnús Eiríksson (í Tímariti bmf. VIII og Teologisk Tidskrift 1901); Samband Danmerkur og Íslands (í Andvara 38. árg.). Michelsen (í Alm. hins ísl. Þjóðvinafélags 1913); fjöldi greina og ritdóma í Eimreiðinni, Aldamótum, Theologisk Tidskrift. Kona (18. dec. 1899): Konradine Vilhelmine Pedersen; þau bl. (Bjarmi, 23. árg.; BjM. Guðfr.; BrT.).

Haki Jónsson (16. öld). Prestur að Upsum. Er orðinn prestur a. m. k. 1547. Hann hefir andazt um 1576—7, fremur en 1586